

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðjóns Baldvinssonar frá Bökkvisstöðum“**, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 21. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig: 16  
21. marz

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjóns Baldvinssonar frá Bökkvisstöðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Guðjóns Baldvinssonar frá Bökkvisstöðum“, fæddur 1. júlí 1883, dáinn 10. júní 1911.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, er Kvenfélag Svarfdæla gaf 6. febrúar 1922 til minningar um hinn látna.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla, eða annari tryggri peningastofnun.

### 4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans, heldur árstíðaskrá og tekur við minningargjöfum fyrir þá látna menn, er óskað er. Rita skal helztu æfiatriði viðkomenda í árstíðaskrána, ef óskað er.

### 5. gr.

Peir, sem óska að nöfn látinna vina og vandamanna séu innfærð í árstíðaskrá sjóðsins, greiði fyrir það gjald, er þeim sýnist, en sjóðurinn gefur út minningarspjöld með nafni hins látna, er innritunarbeiðendur senda nánustu vandanöfnum í stað kransa.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né það sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheitum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur, má fyrst verja allt að  $\frac{1}{10}$  ársvaxtanna samkvæmt ákvæðum 7. gr. Þó má stjórn sjóðsins, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, verja allt að  $\frac{3}{4}$  ársvöxtum, fyrir eitt ár í senn samkvæmt ákvæðum 7. gr.

### 7. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að líkna fátæku fólki, sem lögheimili á í Svarfaðardalshreppi.

## 16

21. marz

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð 3 konum, sem kosnar eru til 6 ára í senn, skal kosning þeirra fara fram, þá kosið er í hreppsnefnd; gilda að öðru leyti sömu reglur um kosningu þeirra og til hreppsnefndar. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum og vinnur kauplaust.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hverja hún telur líknar þurfa, og úthlutar styrk í þeirri mynd, sem hún telur viðeigandi. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar framkvæmdir stjórnarinnar, svo sem úthlutun styrks, kosningar, fundargerðir, ársreikningar og annað, sem snertir starfsemi sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins endurskoðaður og samþykktur af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Dalvík, 15. febrúar 1933.

*Solveig Pétursdóttir. Ingibjörg Baldvinsdóttir. Guðlaug Baldvinsdóttir.*

## 17

22. marz

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Íslands“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 22. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Líknarsjóð Íslands.

## 1. gr.

Þegar póststjórn Íslands gefur út frimerki með yfirverði til styrktar líknarstarfsemi á Íslandi, skal yfirverð þetta, að frádregnum hlutfallslegum útgáfukostnaði og sölulaunum renna í sjóð, sem nefnist Líknarsjóður Íslands.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum hverskonar líknarstarfsemi í landinu, einkum slysavarnir, barnahæli, elliheimili og þess háttar fyrirtæki.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum til 6 ára í senn. Skal einn stjórnendanna tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands, annar af væntanlegu landssambandi